



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍÞRÓTTAMÍÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

Reykjavík, 12. nóvember 2008

4. stjórnarfundur BLÍ, mánudaginn 12. nóvember kl. 17.15

Dagskrá

- Staða BLÍ í dag
- Önnur mál

Mæting: Jason Ívarsson, formaður. Stefán Jóhannesson, Óskar Hauksson, Svala Vignisdóttir, Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir var í síma. Davíð Búi Halldórsson og Hreggviður Norðdahl mættu ekki en boðuðu forföll og Harald Ísaksen mætti ekki. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundinn.

Fundargerð

Staða BLÍ í dag

Mótamálin ganga vel, þrátt fyrir ýmsa hnökra í dómaramálum.

Yngriflokkamótin gengu bæði vel og fundaði YFN BLÍ í gær þar sem ákveðið var að skerpa á umgjörð yngriflokkamótanna. Einnig kom fram að með skiptingu mótanna líkt og nú var hækkar ferðakostnaðurinn fyrir landsbyggðina svo um munar. Á fundinum var einnig rætt um hæfileikabúðir og þar rætt að kortleggja hverjir fá að koma í búðirnar og að markmiðin þurfa að vera á hreinu. YFN fjallar nánar um hæfileikabúðir á næsta fundi sínum í desember.

Landsliðsmálin eru í uppnámi vegna ástandsins í fjármálum landsins. Við vitum ekki hvernig þeim málum lyktar en við höfum óskað eftir því að draga bæði liðin úr Heimsmeistarakeppninni. Fjallað verður um okkar erindi á stjórnarfundum FIVB þann 18. Nóvember. Málið er í biðstöðu þangað til.

Formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri sóttu fund hjá framkvæmdastjóra ÍSí. Sá fundur var til að gera grein fyrir stöðu okkar fjárhagslega í þessu ástandi. Á þeim fundi kom t.a.m. fram að Kypurferðin væri jafnvel í hættu fyrir okkur vegna þess hversu dýr hver miði er á Smáþjóðaleikana.



BLAKSAM BAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

Gjaldkeri BLÍ fór aðeins yfir fjárhagsstöðuna. Mótagjöldin eru á leiðinni til okkar en við eigum ennþá útistandandi mikla fjármuni vegna mótsins á Akureyri. Erum að vinna í að klára að greiða alla reikninga því tengdu.

Stjórn BLÍ þarf að senda frá sér yfirlýsingu vegna ástandsins. Stefán sér um að semja yfirlýsinguna og mun hún hljóða þannig að mikil endurskoðun verður á erlendum samskiptum. Á móti kæmi að efla starfið hér innanlands en BLÍ hefur einbeitt sér mikið að verkefnum landsliðsanna undanfarin ár. Yfirlýsingin verður um breytta stefnu BLÍ.

Frábært framtak hefur litið dagsins ljós, blakfréttavefurinn www.volleyball.is. Þarna er umfjöllun um allt sem gerist í hreyfingunni og von okkar er að það rati beint inn í fjölmiðla landsins.

Erlend samskipti

Á NEVZA fundi sem Jason sótti um daginn í Madrid var ákveðið að efla NEVZA starfið. Þar var skipt niður í fjóra vinnuhópa, hver með sitt málefni: Strandblak (NOR), Norðurlandakeppni meistara liða landanna (SWE), NEVZA mótin (DEN), Þjálfaramenntun (FIN). Stjórn BLÍ ákvað að senda ekki fulltrúa á fyrsta fund vinnuhópanna, þess í stað að kanna með fjárfundabúnað.

Það var ákveðið á Evrópuþinginu að SCD fundurinn yrði haldinn í Liechtenstein í janúar. Stjórn ákvað að senda ekki fulltrúa á þann fund.

Önnur mál

Formaður og framkvæmdastjóri fóru í afmælisveislu Víkings í Ólafsvík í október og sæmdu Vigfús Örn Gíslason og Viðar Gylfason silfurmerki BLÍ. Vigfús Örn sem formann Blakdeildar Víkings og fyrrverandi stjórnarmaður BLÍ og Viðar fyrir uppbyggingarstarf í krakkablaki á svæðinu.

Bréf frá ÍSÍ um stöðu okkar vegna efnahagsástandsins, hversu miklar afleiðingar hefur það í för með sér. Jason setur saman og sendir á Líneyju.

Fleira var ekki gert á fundinum,
Fundi slitið kl. 18.15

Sævar Már Guðmundsson,
Fundarritari